

Destination Management Plan (DMP) – Stefnumótandi stjórnunaráætlun áfangastaðar

DMP er heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. DMP er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðila ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu.

Mikilvægt er að hafa í huga að DMP inniheldur þannig áætlun um skipulag, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegu vægi, þjónustubáttum o.s.frv.

Dæmi um atriði sem reifuð eru í slíkri áætlun væru t.d.:

- Kortlagning þjónustu á svæðinu (gistipláss, veitingar, afþreying, almenningsalerni).
- Skipulagning á upplýsingaveitu til ferðamanna.
- Forgangsröðun í uppbyggingu áfangastaða (Hvaða svæði byggjast upp fyrst? Á hvaða hátt? Hvernig umferð er leyfð? O.s.frv).
- Áætlun um þann fjölda sem hver og einn áfangastaður innan svæðis getur tekið á hverjum tíma (hvenær er uppselt á svæðið).
- Áætlun um uppbyggingu grunngerðar og stýringu umferðar um svæðið til að lágmarka hættu á því að þolmörkum sé náð (vegakerfi, merkingar, stígagerð, salerni).
- Áætlun um tekjuöflun, gjaldtöku á svæðinu. (Bílastæðagjöld? Aðgangeyrir? Hvar er rukkað og hvar ekki?)
- Áætlanir á sviði gæða-, umhverfis- og öryggismála.
- Hvað má og hvað má ekki? (Hvar má tjalda? Hvar má leggja? Hvar má keyra? Hvar má aðeins fara um með leiðsögn? O.s.frv)

Fyrstu skref:

- Kortlagning í landshlutum: hvaða vinna hefur verið unnin? Hvert er eðlilegt að stefna fyrst? Hvaða gögn liggja fyrir?
- Skilgreining á hagsmunaaðilum og lykilþátttakendum
- Fræðsla, þjálfun, innleiðing þekkingar og vinnubragða.